

Stjórn Úrvinnslusjóðs

337. stjórnarfundur, mánudaginn 5.12.2022 - kl. 14:30 – 16:15

Suðurlandsbraut 24

Fundargerð

Mættir: Magnús Jóhannesson (MJ), Líf Magneudóttir (LM), Lárus M.K. Ólafsson (LÓ), Eygerður Margrétardóttir (EM), Guðný Hjaltadóttir (GH), Hildur Hauksdóttir (HH), Ólafur Kjartansson (ÓK).

Benedikt S. Benediktsson (BSB) fjarverandi.

Gestir: Gunnar Bragason (GB)

Fundarritari: Guðlaugur Gylfi Sverrisson (GGS).

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð stjórnarfundar nr. 335 til staðfestingar.

Staðfest.

Lögð var fram fundargerð stjórnarfundar nr. 336 til staðfestingar.

Staðfest.

2. Sérstök söfnun

Gunnar Bragason (GB) tekur sæti á fundinum kl.15:15.

Á síðasta fundi var farið yfir gjaldskrá fyrir einingargreiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á pappa-, plast-, gler- og málmumbúðum, umræðum var framhaldið á fundinum. Farið var yfir tillögu að fyrirkomulagi við uppgjör við sveitarfélögin en drög að tillögunni voru kynnt á síðasta fundi. EM og ÓK höfðu farið yfir ákveðin atriði í sambandi við uppgjör við sveitarfélögin á milli funda.

Fram kom að GB hefur sett saman skrá með póstnúmerum og sveitarfélögum. Nokkur sveitarfélög deila póstnúmeri og þar verða þjónustuaðilar að gefa upp hvaða sveitarfélög þau safna fyrir hverju sinni.

GB fór yfir nauðsyn þess að gera úrtakskönnun á framkvæmd sérstakrar söfnunar, bæði hvað varðar hlutfall úrgangs sem ber framleiðendaábyrgð og mat á raunkostnaði við sérstaka söfnun

GB yfirgefur fund kl. 15:40.

Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri setti saman gjaldskrá sem gæfi heildarmynd af greiðslum til einstakra sveitarfélaga eftir söfnun á grunni þeirra gjalda sem stjórn hefur rætt á síðustu stjórnarfundum. Einnig var stjórnarformanni falið að koma með tillögu um skipun starfshóps til að halda utan um úrtakskönnun og mat á raunkostnaði. Hvort tveggja yrði sent stjórnarmönnum til samþykktar með rafrænum hætti næstu daga.

3. Blandað plast frá heimilum

Farið var á fundinum og lögð fram tillaga um að endurgjald fyrir endurvinnslu á blönduðum heimilisplasti hækki úr 130 í 185 kr/kg og endurgjald fyrir orkuvinnslu hækki úr 30 kr/kg í 60 kr/kg. Meðalendurgjald verður 110 kr/kg m.v. 40% endurvinnsluhlutfall.

Tillagan hafði verið samþykkt á milli funda af stjórnarmönnum.

4. Flutningsjöfnun

GB kom aftur inn á fund kl.15.55

Lögð var fram á fundinum tillaga um flutningsjöfnun fyrir glerumbúðir. Minnisblað um endurgjald flutningsjöfnun fyrir málm- og viðarumbúðir var lagt fram á fundinum. Sagt var frá tilrauna flutningi á glerumbúðum til endurvinnslu í Danmörku. Farið var yfir að gler yrði best flutt til endurvinnslu með „bulk“ flutningi sem yrði á 12-15 mánaða fresti.

Samþykkt endurgjald fyrir flutning á gleri.

GB fór yfir minnisblað sitt um málm- og timburumbúðir og lagði fram á fundinum.

GB yfirgefur fund kl. 16:05

Umræðu frestað.

5. Ökutæki

Á síðasta stjórnarfundum var farið yfir væntanlegt fyrirkomulag við ráðstöfun ökutækja. Upplýst var að brotamálmsfyrirtæki eru í misgóðri stöðu til að gefa upplýsingar um ráðstöfun ökutækja og þurfa aðlögunartíma til að. Eftirfarandi tillaga til stjórnar var rædd á síðasta fundi. Var hún lögð fram að nýju.

Tillaga er gerð til stjórnar að ákveða að eigi síðar en 1.7.2023 :

- 1) Tekjur af úrvinnslugjaldi af ökutækjum sem innheimt er samhliða bifreiðagjaldi verði notað til að greiða fyrir móttöku úrsérgenginna ökutækja og til að greiða skilagjald
- 2) Tekjur af úrvinnslugjaldi sem innheimt er við innflutning verði notað til að greiða fyrir hreinsun og flutning innan lands með sama hætti og gert er. Drifraflöður bætast við hreinsun fyrir rafdrifin ökutæki.
- 3) Upplýsingar um endanlega ráðstöfun verði með sama hætti og Umhverfisstofnun hefur metið endanlega ráðstöfun ef ekki fást betri upplýsingar frá brotamálmsfyrirtækjum.

Samþykkt .

6. Mál til kynningar

Söfnun á víðavangi

Stafræn þróun, staða mála, sjá stjórnargátt

Kynningarmál

Skilmálar

Frestað.

7. Mál í vinnslu

Kynnt mál í vinnslu:

- Flutningsjöfnun fyrir málm- og viðarumbúðir
- Endurgjald fyrir málm-, gler- og viðarumbúðir

- Endurgjald fyrir drifrafhlöður og greiðsla fyrir að taka drifrafhlöður úr ökutækjum
- Endurskoðun á endurgjaldi fyrir kælitæki
- Endurskoðun á endurgjaldi fyrir kælimiðla

8. Skýrsla um stöðu framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi (5 mín)

Nýlega kom út skýrsla starfshóps um stöðu framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi.

9. Önnur mál (+ mín)

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 5. janúar 2023 kl. 13:00.

Fundi slitið 16:15